**SAMÞYKKT**
15 FEB. 2012




**BYGGINGARLÝSING:**

Matshluti 03
Landnúmer: 166248
Staðgreinir: 8722-2-00040001

Öll mál á teikningum eru í millimetrum nema annað sé tekið fram.

Um er að ræða hesthús með haughúsi undir ásamt sambyggðri reiðskemmu, kaffi- og vinnuaðstöðu.

Undirstöður og botnplata verða úr járnbentri steinsteypu er einangrist með 50mm plast- eða steinullareinangrun.

Útveggir hesthúss, kaffi- og vinnuaðstöðu verða úr járnbentri steinsteypu er einangrist að utanverðu með 50mm steinullareinangrun í timburgrind sem svo klæðist með báraðri málmklæðningu.
Þakvirki er gert úr timbri er einangrist með 100mm þakull. Sperrur klæðist með borðaklæðningu (25x150), þakpappa og málmklæðningu eða sambærilegu. Að innanverðu komi rakavarnarlag og þá báraðar stálplötur.

Reiðskemma er stálgrindarhús úr stálburðarrömmum sem festast á undirstöður með innsteyptum festingum.
Á milli stálburðarrammanna koma lárétt langbönd úr timbri eða blikki er boltist á stáleyru á römmunum.
Veggjaklæðning er 40mm þykkar stálklæddar samlokueiningar (PIR) með U-gildi 0,55 W/m²K.
Þakklæðning er 40mm þykkar stálklæddar samlokueiningar (PIR), sem hafa trapisulaga form að utanverðu og U-gildi 0,52 W/m²K. Vegg- og þakklæðningar, kjölur og flasningar skrúfist á stálvirki með sjálfborandi stálskrúfum.
Stálskemman boltist við steyptann gafl á kaffi- og vinnuaðstöðurými.

Gluggar / hurðir verða úr pvc plasti, timbri eða áli.
Í öllum gluggum verði tvöfalt k-gler (einangrunargler).

Húsið er óupphitað en haldið frostfríu með hitablásurum og/eða gólfhitalögnum innsteyptum í gólfplötur.
Neysluvatnslagnir verða staðsettar ýmist í ídráttarrörum í gólfi eða utan á veggjum. Raflagnir verða utanáliggjandi á veggjum og í lofti. Lagnaefni skal allt vera vottað af viðeigandi aðilum.

Fram kemur á teikningum hvar niðurföll eru staðsett.
Frá lokuðum rýmum komi loftræsing.
Loftræsing verður um opnanleg fög og vélræn að hluta.
Litaval húss sé skv. ákvörðun eiganda.

**BRUNAMÁL:**

Byggingunni er skipt í 2 brunahólf með EI-60 skilveggjum þar sem gripir eru hafðir í sér hólfi.
Fram kemur á teikningum hvar reykskynjarar, slökkvitæki og rýmingarleiðir eru. Endanleg staðsetning og gerð slökkvitækja skal valin í samráði við eldvarnareftirlit.
Í þaki verða óopnanlegir þakgluggar úr auðbrennanlegu polycarbonate plasti sem þjóna reyklosun og nýtast einnig til birtugjafar. Stærð sé a.m.k. 5% af gólffleti. Klæðningar í loftum og útveggjum hesthúss, kaffi- og vinnuaðstöðu séu í flokki 1.

Samlokueiningar á veggjum og í þaki reiðskemmu eru stálklæddar beggja vegna með PIR (Polyisocyanurate) einangrunarkjarna. Einingarnar eru vottaðar í flokki B-s2,d0 skv. ÍST EN 13501-1.

**HELSTU STÆRÐIR:**

| | | |
|---|---|---|
| Brúttóstærðir hesthúss .......... | 425,8 m² | 1.766,2 m³ |
| Brúttóstærðir haughúss .......... | 293,2 m² | 811,0 m³ |
| Brúttóstærðir reiðskemmu ..... | 552,3 m² | 2.433,6 m³ |
| Brúttóstærðir samtals ............ | 1.271,3 m² | 5.010,8 m³ |

| Útgáfa: | Dagsetn: | Af: | Skýring: |
|---|---|---|---|
| Ú1 | 26.08.11 | GRG | Frumútgáfa |

CEDRUS EHF.
TEIKNI- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTA
MIÐTÚN 20, 800 SELFOSS, S: 482-1166
WWW.CEDRUS @ SIMNET.IS S: 863-3004

LANGHOLT 3
801 Selfossi
Hesthús / reiðskemma, mhl. 03

Teikninúmer: 100-00

Aðaluppdrættir:
Afstöðumynd
Byggingarlýsing

Mælikvarði: 1:500

Hannað: Gísli Rafn Gylfason | Teiknað: Gísli Rafn Gylfason
Dagsetning: 26.08.2011 | Verknúmer: 11 032 | Frumstærð: A1
Ábyrgðarm. og rétthafi: Björgvin Víglundsson BV 040546-2009